



Alþingi
Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Selfossi, 11. desember 2020

Efni: Umsögn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga um breytingu á lögum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, 336. mál.

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) tekur undir nauðsyn þess að jafna kostnað við dreifingu raforku í dreifbýli. Þetta hefur lengi verið baráttumál hjá sunnlenskum sveitarfélögum og var eitt af þeim forgangsmálum sem fyrirsvarsmenn sveitarfélaganna tóku upp á fundi með ríkisstjórninni þegar hún heimsótti í landshlutann í ágúst s.l.

Markmið frumvarpsins er að stuðla að jöfnun kostnaðar við flutning og dreifingu raforku í dreifbýli sem er mikið réttlætmál gagnvart íbúum landsbyggðarinnar. Líkt og fram kemur í umsögn Byggðastofnunar er það í samræmi við lið A.14 í gildandi byggðaaáætlun um aukinn jöfnun orkukostnaðar í dreifbýli og þéttbýli og það er einnig í samræmi við áherslu í tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2025 um jöfnun orkukostnaðar á landsvísu.

Stjórn SASS telur óeðlilegt að dreifðar byggðir beri einar þann kostnað sem felst í endurnýjun og styrkingu dreifikerfis raforku um dreifbýlið en allt frá upptöku jöfnunargjalds raforku árið 2015 hefur kostnaður við dreifingu raforku aukist jafnt og þétt í dreifbýli umfram kostnað í þéttbýli. Líkt og fram kemur í umsögn RARIK hefur þurft að styrkja raforkuinnviði m.a. vegna uppbyggingar á ferðaþjónustu, sem er mikilvæg atvinnugrein fyrir þjóðarbúið og ljóst er að styrkja þarf kerfið enn frekar á komandi árum til að það geti tekist á við áform um orkuskipti.

Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hafa háir taxtar á dreifikostnaði í dreifbýli stuðlað í auknum mæli að fólksfækkun, samdrætti í atvinnurekstri og tilheyrandi neikvæðum byggðalegum áhrifum. Við þessu þarf að bregðast og því fagnar stjórn SASS að verja eigi auknu framlag til verðjöfnunar á flutnings- og dreifikostnaði raforku á milli þéttbýlis og dreifbýlis.

Um jákvætt skref er að ræða í átt að jöfnun orkukostnaðar en stjórn SASS telur að ganga hefði átt lengra og jafna kostnaðinn að fullu strax.

Virðingarfyllt,

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri